

Nd.

58. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Lán seðlabankans til stofnlánadeildar samkv. 4. gr. skal vera fast framlag til áframhaldandi starfsemi deildarinnar. Þá fjárhæð, sem stofnlánadeildin hefur endurgreitt seðlabankanum, skal seðlabankinn að nýju greiða til deildarinnar.

Frá 1. janúar 1954 skal stofnlánadeildin starfa í einni deild. Lán út á fiskiskip, sem byggð eru innanlands, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir.

Frankvæmdastjórn Landsbankans annast stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um lánveitingar úr honum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann var stofnuð, var höfuðtilgangurinn sá að tryggja sjávarútveginum hagstæð stofnlán. Það ákvæði laganna, sem gerir ráð fyrir endurgreiðslu á árlegum afborgunum af lánnum stofnlánadeildarinnar til seðlabankans, verður þess valdandi, að þau stofnlán, sem útveginum voru veitt með þessari löggjöf, hverfa nú til seðlabankans aftur og stofnfé sjávarútvegsins fer á þann hátt árlega minnkandi. Þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán fer þó ekki minnkandi, heldur fremur hið gagnstæða. Árlega þarf að endurnýja fiskiskipafloata landsmanna með byggingu nokkurra fiskibáta í stað þeirra, sem ganga úr sér og tynast. Einnig þarf árlega að byggja ný fiskiðjuver og önnur framleiðslutæki sjávarútvegsins.

Frv. þetta er flutt til þess að bæta úr brýnni þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán. Aðalbreytingar þær, sem frv. felur í sér, eru þessar:

1. Stofnlánadeildinni er breytt í varanlega lánastarfsemi í þágu sjávarútvegsins.
2. Deildin hættir að endurgreiða seðlabankanum það fé, sem hún innheimtir árlega.
3. Seðlabankinn greiðir deildinni aftur það fé, sem hún hefur greitt bankanum á undanförunum árum.
4. Frá 1. janúar 1953 byrjar stofnlánadeildin útlán að nýju og starfar þá í einni lánadeild.
5. Lán til skipa, sem byggð eru innanlands, skulu að jafnaði ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum.“

Lánsþörf sjávarútvegsins er brýnni nú en þá, og því er þetta frv. flutt á ný. Samþykkt frv. mundi leiða af sér lánsfjárukningu, er næmi nú þegar um 25 millj. króna.